

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

101. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 26. apríl 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Ársreikningur 2011 – fyrri umræða:
3. Erindi frá Teiti Jónssyni vegna Veisusels:
4. Þjónustusamningur um klasastjórnun Iceland Geothermal:
5. Dreifð byggð – Dreifð þjónusta:
6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 17.04.2012:
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.04.2012:
8. Fundargerð Fræðslunefndar frá 23.04.2012:
9. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 29.02.2012:
10. Lántaka:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 18., 19. og 20. fundar stjórnar DA:
- b) Fundargerð 143. fundar HNE frá 12.04.2012:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Arnór Benónýsson, Árni Pétur Hilmarrsonar, Margrét Bjarnadóttir og Eiður Jónsson í forföllum Ásvaldar Þormóðssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 11. lið; erindi frá Anitu Karin Guttesen og Ragnari Bjarnasyni, niðurfelling fasteignagjalda, undir 12. lið; aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár, undir 13. lið; fundargerð Atvinnumálanefndar frá 25.04.2012 og undir 14. lið; umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál. Samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur 2011 – fyrri umræða:

Ársreikningur 2011 lagður fram til fyrri umræðu. Arnar Árnason endurskoðandi frá KPMG og fjármálastjóri mættu til fundarins undir þessum lið og fóru yfir reikningana.

Reikningsniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikning A og B hluta var neikvæð um 10,0 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 26,7 millj. kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 2,0 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 15,1 millj. kr.

Á heildina litið er jákvætt frávik frá áætlun 16,7 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta og 17,1 millj. kr. í A hluta. Frávikið skýrist af hærri tekjum en áætlað var.

Veltufé frá rekstri var 46,5 millj. kr. Afborganir lána voru 54,4 millj. kr. Ekki voru tekin ný langtímalán á árinu. Heildarskuldir eru 424,7 millj. kr. og skuldahlutfall – skuldir/rekstrartekjur A og B hluta er 57,4%.

Samþykkt að vísa reikningnum til síðari umræðu.

3. Erindi frá Teiti Jónssyni vegna Veisusels:

Teikið fyrir erindi frá Teiti Jónssyni er varðar snjóflóðahættu á jörðinni Veisuseli í Fnjóskadal.

Teitur óskar eftir viðræðum um kaup Þingeyjarsveitar á jörðinni Veisuseli ásamt íbúðar- og útihúsum. Fyrir liggur staðbundið ofanflóðahættumat fyrir Veisusel frá Veðurstofu Íslands þar sem segir að íbúðar- og öll útihús séu á C-svæði skv. reglugerð (505/2000 m.s.br.).

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samráði við Ofanflóðanefnd.

4. Þjónustusamningur um klasastjórnun Iceland Geothermal:

Lagður fram þjónustusamningur um klasastjórnun Iceland Geothermal sem er samstarfsvettvangur innan íslenska jarðvarmaklasans til frekari framþróunar og vaxtar.

Að höfðu samráði við sveitarstjórn Skútustaðahrepp samþykkir sveitarstjórn að ganga til samninga í samvinnu við Skútustaðahrepp.

5. Dreifð byggð – Dreifð þjónusta:

Lagt fram erindi frá Óla Halldórssyni fyrir hönd Þekkingarnets Þingeyinga,

Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Impru-nýsköpunarmiðstöðvar um verkefnið; Dreifð byggð – Dreifð þjónusta – Styrking samkeppnishæfni í dreifbýli. Verkefnið snýr að uppbyggingu þekkingar-/þjónustusetra um Þingeyjarsýslur og samnýtingu, samrekstur og samstarf þvert á geira. Hugmyndin er að sækja fjármagn í svonefnda IPA-sjóði Evrópusambandsins. Óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í þessu verkefni. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.

6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 17.04.2012:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 17.04.2012. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Varðandi 1. lið, styrkir til lista- og menningarmála, umsóknir frá Afþreyingu í Reykjadal „Göngu og minjaleiðir í Reykjadal“ og „Gönguferð með leiðsögn“ og umsókn frá Guðnýu Þorbergsdóttur „Bekkir og ruslafötur“ vísar sveitarstjórn til Skipulags- og umhverfisnefndar.

Umsókn frá Umf. Eflingu „Hátíðarhöld á Þjóðhátíðardegi Íslendinga 17. júní“ samþykkir sveitarstjórn styrk samkvæmt fjárhagsáætlun.
Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.04.2012. Ólína gerði grein fyrir fundargerðinni.

Fundargerðin er í 8 liðum. Sveitarstjórn staðfestir alla liði fundargerðarinnar samkvæmt tillögu nefndarinnar.

8. Fundargerð Fræðslunefndar frá 23.04.2012:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 23.04.2012. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Varðandi 1. lið, óskar sveitarstjórn Stórutjarnaskóla til hamingju með verðlaunin „Varðliðar umhverfisins“ sem veitt voru af Umhverfisráðuneytinu. Þá er sveitarstjóra og oddvita falið að ganga til samninga við skólabílstjóra um skólaakstur. Varðandi 5. lið; húsnæði Barnaborgar, er sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samvinnu við skipulagsfulltrúa og Fræðslunefnd. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

9. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 29.02.2012:

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 29.02.2012. Friðrika gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

10. Lántaka:

Lögð fram hugmynd að lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna fjárfestinga. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

11. Erindi frá Anitu Karin Guttesen og Ragnari Bjarnasyni – niðurfelling fasteignagjalda:

Lagt fram erindi frá Anitu Karin Guttesen og Ragnari Bjarnasyni um niðurfellingu fasteignagjalda lögðum á Birkifell á grundvelli þess að húseignin brann þann 16. október 2011.

Ekki unnt að verða við erindinu.

12. Aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár:

Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2012 sem haldinn verður 6. maí n.k. Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

13. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 25.04.2012:

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 25.04.2012. Friðrika gerði grein fyrir fundargerðinni og drögum að samþykktum fyrir búfjárhald í Þingeyjarsveit.

Drög að búfjársamþykkt rædd og samþykkt að senda drögin til umsagnar til búnaðarfélaga í Þingeyjarsveit. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

14. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál:

Sveitarstjórn lýsir andstöðu sinni við að Gjástykki sé í verndarflokki og ítrekar þar með fyrri afstöðu sína. Sveitarstjóra falið að ganga frá umsögninni.

Til kynningar:

- a) Fundargerð stjórnar DA 18., 19. og 20. fundur:**
- b) Fundargerð HNE. 143. fundur:**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásta Svavarsdóttir

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Eiður Jónsson